


Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Utgáfa: 10		
Dags.:23.02.2016		
Höfundur: AMJ		
Samþykkt: SHJ		
Síða 1 af 2	LISA3ÍS05	Námsáætlun – Vorönn 2017

Kennari	Arna G. Valsdóttir arna@vma.is Viðtalstími: Mánudagur 10:40 – 11:20	Sk.st.	AVA
----------------	--	---------------	-----

Áfangalýsing:

Í áfanganum er farið yfir helstu stílbrigði sjónlista á Íslandi frá landnámi og fram á 20. öld í samhengi við þróun evrópskrar listasögu og tengsl listarinnar við þjóðfélagslegar forsendur á hverjum tíma. Farið er í gegnum helstu stíleinkenni og stefnur í tengslum við tíðaranda hvers tímabils og tæknilegar, félagslegar og landfræðilegar forsendur íslenskrar listsköpunar fyrr og nú rannsakaðar. Áhersla er lögð á að nemandinn nýti sér fjölbreytta miðla við upplýsingaleit og framsetningu verkefna.

Þekkingarviðmið

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- helstu stíleinkennum í íslenskri myndlistarsögu
- verkum og hugmyndum helstu listamanna í íslenskri myndlistarsögu
- gildi þekkingar á íslenskri listasögu í alþjóðlegu samhengi
- hvernig samfélagsgerð, landfræðileg staða, veðurfar og tíðarandi hefur áhrif á hugmyndir, viðfangsefni og vinnuaðferðir myndlistarmanna

Leikniviðmið

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- vinna á skapandi hátt í einstaklings- og hópverkefnum áfangans og sýna frumkvæði
- taka þátt í samvinnu, upplýsingaöflun og samræðum í kennslustundum með sameiginlegt markmið hópsins að leiðarljósi
- beita innsæi, tilfinningu og sjálfstæðum vinnubrögðum við útfærslu verkefna
- beita faglegum hugtökum til að tjá sig um þekkingu sína á stíleinkennum, stílbrögðum og túlkunarleiðum í íslenskri listasögu

Hæfniviðmið

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur

aflað sér til að:


- tjá sig um strauma og stefnur í íslenskri myndlistarsögu og miðla þekkingu sinni á skýran og gagnrýninn hátt
- gera þekkingu sinni skil með margvíslegum hætti, skriflega, munnlega og með nýmiðlun
- taka þátt í uppbyggilegri og frjórri samræðu um verkefni sín og annarra ígrunda og rökstyðja mál sitt beita faglegum hugtökum til að tjá sig um þekkingu sína á stíleinkennum, stílbrögðum og túlkunarleiðum í íslenskri listasögu

Námsgögn:

Mynd á þili eftir Þóru Kristjánsdóttur, Huldukonur í íslenskri myndlist eftir Hrafnhildi Schram, Íslensk myndlist á 19. og 20. öld eftir Björn Th. Björnsson, Íslensk listasaga, 1. - 5. bindi, Icelandic art today auk bóka um einstaka listamenn og efni af vef.

Áætlun um yfirferð:

Efni áfangans er skipt upp í níu mislangar lotur. Nemandur vinna ferilbók jafnt og þétt yfir önnina. Áhersla er lögð á rannsóknarvinnu, leitarnám og virka þáttöku í umræðum. Í upphafi er heildarferli íslenskrar listasögu skoðað og sett í samhengi við alþjóðlega listasögu. Síðan er farið dýpra í hin ýmsu tímabil frá upphafi Íslandsbyggðar til dagsins í dag. .

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 10		
Dags.: 23.02.2016		
Höfundur: AMJ		
Samþykkt: SHJ		
Síða 2 af 2		
LISA3ÍS05		
Námsáætlun – Vorönn 2017		

Námsmat og vægi námsþátta:

Matsform:	<input checked="" type="checkbox"/> Símat	<input type="checkbox"/> Lokapróf/valið lokapróf	<input type="checkbox"/> Lokaverkefni
Námsmatsþættir	Lýsing námsmatsþátta	Vægi	
Tímalína	Nemendur rifja upp helstu stíla í alþjóðlegri listasögu og setja íslensku listasöguna í samhengi við þá	10%	
Feril og skissubók	Heildar skráning á vinnuferli áfangans – Grunnur að mati á virkni og ástundun	20%	
Tímaverkefni	Nemendur vinna 10 tímaverkefni sem hvert gildir 2% af heildareinkunn. Ekki er gefin einkunn fyrir hvert verkefni heldur eru þau skráð sem: Skilað/Ekki skilað	20%	
Samanburðarverkefni	Nemendur fjalla um sýningar Nínu Tryggvadóttur og Freyju Reynisdóttur sem opna í Listasafninu á Akureyri þann 14. Jan. 2016 og skoðum við þær sem fulltrúa sinna kynslóða	10%	
3 rannsóknarverkefni	Nemendur vinna 3 rannsóknarverkefni um einstaka listamenn. Sett fram sem t.d. glærुकynning, Listrænt verkefni eða skýrsla	30%	
Sjálfsmat	Nemendur leggja mat á eigið vinnuframlag og ástundun	10%	
	Samtals:	100%	
Annað: Kennari áskilur sér rétt til breytinga eftir því hvernig áfanginn þróast			

Símar leyfðir til náms


Opið hús á listnámsbraut er 04.05. frá kl. 20:00-21:30. Verk skulu sótt þann 18.05. frá 10:00-13:00

Dagsetning:



Undirritun kennara

09.01.2017



Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils